

Læknirinn leiðir teymið

Yoram Blachar frá Ísrael er forseti Alþjóðasamtaka lækna WMA og tók við sl. haust af Jóni Snædal. Yoram er jafnframt formaður ísraelska læknafélagsins en það hefur talsvert haft sig í frammi á undanförunum misserum í umræðu um mannréttindi og brot á þeim í átökum Ísraelshers við Palestínumenn á Vesturbakkanum.

„Ég vil fyrst af öllu lýsa þeirri skoðun minni að hvorki ísraelska læknafélagið né Alþjóðasamtök lækna eru mannréttindasamtök. Á hinn bóginn er eitt af hlutverkum WMA að fylgjast með því að aðildarfélögin um heim allan fari eftir þeim siðareglum sem WMA setti sér fyrir mörgum árum.“

Blachar segir augljóst að Ísraelsku læknasamtökin séu ópólitísk. „Innan okkar félags eru 20 þúsund meðlimir og þeir tilheyra öllu litrófi stjórnmálanna. Við tökum engan þátt í stjórnmálaumræðunni í landinu og erum ekki í neinni stöðu til að hafa áhrif á stefnu ríkisstjórnar landsins. Við gegnum hins vegar mjög mikilvægu hlutverki í að leggja áherslu á og fylgjast með því að allir sem á þurfa að halda fái sem besta læknisþjónustu. Þá gildir einu hvort um er að ræða ísraelska gyðinga, ísraelska araba eða Palestínumenn. Við gerum allt sem í okkar valdi stendur til að tryggja að farið sé eftir siðareglum lækna í því ástandi sem ríkt hefur í landinu. Ýmsar ásakanir hafa verið settar fram erlendis frá, sérstaklega frá Bretlandi, um að ísraelskir læknar og heilbrigðisstarfsfólk hafi brugðist hlutverki sínu og ekki virt siðareglur lækna. Við höfum ekki fundið neinar vísbendingar um þetta og leggjum áherslu á að læknar í okkar félagi fari að siðareglum í hvívetna. Við höfum starfrækt símaráðgjöf þar sem læknar geta sótt stuðning og ráð í erfiðum málum. Þau eru af margvíslegum toga og ég nefni sérstaklega að læknar sem starfa innan fangelsanna í Ísrael lenda oft í mjög erfiðum aðstæðum.“

Mikilvægt að WMA fjalli um færslu verka

Blachar segir eitt brýnasta verkefni WMA vera að móta hugmyndir og taka afstöðu til færslu verka milli heilbrigðisstétta. „Þessi umræða er hins vegar tvískipt og verður að ræða þannig. Við höfum fullan skilning á stöðu Afríkuríkja þar sem skortur á heilbrigðisstarfsfólki kemur í veg fyrir að hægt sé að veita lágmarksþjónustu og grunnþjálfun leikmanna gerir gæfumuninn. Þar er færsla á verkefnum hrein lífsnauðsyn og á fundum í Addis Ababa og Kampala að undirlagi WHO



Forseti WMA er ísraelski læknirinn Yoram Blachar.

með þátttöku 57 heilbrigðisráðherra Afríkuríkja kom fram fullur skilningur á þessu. Þetta eru neyðarlausnir. Samtímis þessu er mikilvægt að leggja áherslu á menntun og þjálfun lækna og hjúkrunarfólks þannig að eftir nokkur ár verði ekki einungis leikmenn að störfum með mjög takmarkaða þekkingu og yfirborðskunnáttu á einföldustu læknisverkum. Þarna er því annars vegar verið að bregðast við mjög aðkallandi vanda sem ógnar lífi og heilsu milljóna manna í Afríku en hins vegar þarf að horfa til lengri tíma svo heilbrigðisþjónustan komist upp úr því fari neyðarlausna sem nú ríkir.“

Í þróuðum löndum þar sem heilbrigðisþjónusta er fyrir hendi hefur á undanförunum árum æ meira verið talið um teymisvinnu og verkfærslu innan teymanna. Verkin færast frá læknum til annarra innan teymisins.

„Teymisvinna er einkenni á nútímaheilbrigðisþjónustu en það er ljóst að í hverju teymi verður að vera einn leiðtogi. Það er sjálfsagt og eðlilegt að það sé læknirinn. Læknirinn sér um að samhæfa teymið og skipuleggja samstarfið. Hjá WMA erum við að móta tillögur varðandi þetta og ég á von á því að þær liggi fyrir á aðalfundi WMA í haust eftir að við höfum haldið vinnufund í Tel Aviv í vor. Mín skoðun er sú að læknirinn eigi að vera ábyrgur fyrir verkum hvers teymis og það er fátt því til fyrirstöðu að aðrir innan teymisins fá fleiri verk að vinna ef það er sameiginlegur skilningur á því að læknirinn beri á endanum ábyrgðina. Við megum heldur ekki missa sjónar á aðalatriðinu sem er velferð sjúklingsins og samvinna innan teymisins verður ávallt að taka mið af því.“